



## Skýrsla Keppnisnefndar á LH þingi 19. október 2012

Skipaðir voru í nefndina: Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, Magnús Sigurjónsson, Ásdís Ólöf Sigurðardaróttir, Snorri Ólason og Þórður Ingólfsson. Skráðir fundarmenn voru 42.

### Þingskjal nr 8

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

### Þingskjal nr. 11

Breytingartillaga: Lagt er til að allir sem vilja og telja sig tilbúna til megi taka þátt í meistaraflokki. Grein 4.2 um styrkleikaskiptingu opins flokks.

Grein 4.2. , þriðja málsgrein: Meistarflokkur: Í Meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. **Lágmörk í meistaraflokk falla niður.**

Leiðrétting: opnun í stað lokun í greinargerð

Niðurstaða: Nefndin samþykkir breytingatillöguna og leggur til að tillagan verði þannig samþykkt.

### Þingskjal nr. 12

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

### Þingskjal nr. 21

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

### Þingskjal nr. 32

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

### Þingskjal nr. 38

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

### Þingskjal nr. 13

Breytingartillaga, viðbót við fyrstu setninguna sem verði: keppnisnefnd vill hnykkja á því hvernig keppni skuli framkvæmd og lokið með eftirfarandi breytingu

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingunni.

### Þingskjal nr. 14

Breytingartillaga: gildi á Lands- og fjórðungsmótum.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingunni.

### Þingskjal nr. 15

Breyting: "Íslensk sérregla:" komi fyrir framan í stað orðsins „Viðbót:"

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingunni.



### Þingskjal nr. 16

Breyting: samvarandi breyting verði gerð í íþróttagreinum, þ.e. á grein 4.1

Mikil umræða og skiptar skoðanir.

Niðurstaða: Atkvæði féllu: 18 með, 17 á móti. Nefndin leggur því til að tillagan verði samþykkt.

### Þingskjal nr. 17

Breytingatillaga, þingskjal 17a:

Lagt er til að allar afskráningar skuli koma fram klukkustund fyrir upphaf forkeppni.

Grein 8.3.7, Rásröð:

Íslensk sérregla: Afskráningar úr forkeppni skulu berast amk klukkustund fyrir upphaf forkeppni, nema um augljós förföll vegna helti eða annarra óhappa sé að ræða.

#### Greinargerð:

Sjálfsgagt er að sýna keppendum og mótshöldurum þá virðingu að afskrá klukkustund áður en greinin hefst en ákvæði um þetta hefur ekki verið til staðar í FIPO.

Því vantar í íslensku reglurnar lagastoð um þetta mál. Erlendis er óheimilt að skipta um hest en þar er aftur heimilt að skrá nýjan hest til leiks, þar til klukkustund fyrir keppni, þá oftast gegn greiðslu tvöfalds skráningargjalds. Vekja þarf athygli á þessu á Íslandi.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að breytingatillaga 17a verði samþykkt.

### Þingskjal nr. 19

Breyting: „Íslensk sérregla:“ komi framan við.

Breyting: „Ef ekki stendur til að mæta með hest í úrslit verði það tekið fram strax við skráningu á mót.“ Eða „knapi verður að tilkynna í síðasta lagi klukkustund eftir forkeppni í keppnisgrein ef hann ætlar ekki að mæta með hross í úrslit.“

Breytt þingskjal 19a:

Á mótum þar sem lið keppa skulu liðsstjórar tilkynna hvort knapar og hestar séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, **í síðasta lagi einni klukkustund eftir að forkeppni viðkomandi greinar lýkur (íslensk sérregla)**. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis á veikindum eða helti hestsins eða knapa þegar við á, að öðrum kosti er parið dæmt úr leik. **Geti hestur sannanlega ekki mætt í úrslit, að mati yfirdómara, gildir árangur úr forkeppni (íslensk sérregla)**.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik og heildartala hesta í úrslitum fer niður fyrir 10 (eða 5 ef ekki eru B-úrslit) kemur næsti hestur, sem vill



Þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans. Ef í næsta sæti eru fleiri en einn hestur jafnir, koma þeir allir inn í úrslitin.

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit, A eða B úrslit, skal hann ákveða á hvorum/hvaða hesti/num hann hefur keppni í úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum. Ef einn eða tveir eru jafnir í næsta sæti skulu þeir allir komast í þau úrslit.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að breytingartillaga 19a verði samþykkt.

#### **Þingskjal nr. 20**

Einnig lagt fyrir æskulýðsnefnd.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

#### **Þingskjal nr. 22**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt

#### **Þingskjal nr. 23**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal nr. 29**

Einnig lagt fyrir landsmótsnefnd.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld

#### **Þingskjal nr. 30**

Einnig lagt fyrir allsherjarnefnd.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

#### **Þingskjal nr. 31**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

#### **Þingskjal nr. 33**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá.

#### **Þingskjal nr 35**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal nr 39**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til keppnisnefndar LH til frekari umfjöllunar.

#### **Þingskjal nr. 40**

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá.



#### **Þingskjal nr. 42**

Einnig lagt fyrir landsmótsnefnd

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal nr. 43**

Einnig lagt fyrir æskulýðsnefnd

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

#### **Þingskjal nr. 44**

Einnig lagt fyrir allsherjarnefnd

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

#### **Þingskjal nr. 18**

Lagt fyrir allsherjarnefnd og tekið fyrir af keppnsnefnd að frumkvæði nefndarinnar.

Niðurstaða: Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

#### **Tillaga frá Erlingi Sigurðssyni, Kristni Hugasyni og Sigurbirni Bárðarsyni:**

58. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 samþykkir að í gæðingakeppnum og kappreiðum auk íþróttakeppni hér á landi, öðrum en á WR-mótum, verði heimilað að nota skáreim með enskum múl við stangir. Jafnframt beinir landsþingið því til stjórnar LH og fulltrúa okkar í nefndum og ráðum innan FEIF að þessir aðilar beiti sér eindregið fyrir sambærilegum breytingum á FIPO reglunum. Landsþingið lýsir jafnframt ánægju með á hvern veg hefur verið haldið á málum þessum innan kynbótageirans en þar hefur aldrei verið ljáð máls á öðru en að heimilt verði nú sem fyrr að nota enskan múl með skáreim með stöngum rétt eins og með öðrum beislisbúnaði.

Greinargerð:

Síðustu tvö ár hefur verið óheimilt að nota skáreimina á enska múlnum þegar riðið hefur verið við hvers konar stangarbúnað í keppnum sem háðar hafa verið skv. FIPO reglum. Ástæða fyrir því að bann þetta var tekið upp var sú að notkun skáreimarinnar ætti að auka hættu á meiðslum í munni. Ekkert bendir til að bann þetta hafi kkomist að tilætluðu gagni, alls ekki hefur dregið úr kjaftmeiðslum nema síður sé enda hafa knapar neyðst til að færa enska múlinn neðar og spenna hann fastar á hrossin. Til að leitast við að koma í veg fyrir að hrossin gapi sem þau mörg hvert gera til að skjóta sér undan bendingu taumtaksins. Of lágt stilltir múlar og harðspenntir auka hættu á meiðslum út frá jöxlum og geta og orsakað köfnunartilfinningu hjá hrossunum. Vanbúinn stjórnubúnaður eins og enskur múll án skáreimar er í mörgum tilfellum á hrossunum, orsakar að auki að knapar þurfa að beita meiri taumtökum – kröftum – en ella sem um leið eykur hættu á hverskonar meiðslum, ekki bara kjaftmeiðslum heldur líka víðar, s.s. ágrípum sem oftast en ekki gerast þegar hesturinn stífnar upp og missir fjaðurmagn.

Niðurstaða: nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga  
Reykjavík 19. og 20. október 2012

---

